



# Keflavík íþrótt- og ungmennafélag

574. stjórnarfundur þriðjudaginn 7. desember 2021 kl. 18:00

## Mættir:

Einar Haraldsson, Kári Gunnlaugsson, Garðar Már Newman, Birgir Már Bragason, Eva Björk Sveinsdóttir, Björg Hafsteinsdóttir og Sveinbjörg Sigurðardóttir. Fjarverandi Jónína Steinunn Helgadóttir.

### 1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð yfirfarin og samþykkt.

### 2. Innkomin bréf

Erindi frá Bergþóri Pálssyni um amerískan fótbolta. Framkvæmdastjóra falið að ræða við Bergþór.

Erindi frá körfuknattleiksdeild. Erindið samþykkt.

Fréttabréf frá UMFÍ, skrá félagið á almannaheillaskrá.

Fréttabréf frá UMFÍ, drög að reglum fyrir rafíþróttir.

Svar frá RSK. Útlistun á lögum um gjafir til íþróttafélaga.

Tölvupóstur frá Kjartani Má Kjartanssyni bæjarstjóra vegna Iðavalla 7.

Fundagerðir stjórnar knattspyrnudeildar, barna- og unglíngaráðs og fimleikadeildar.

### 3. Send bréf

Ýmis tölvupóstur sendur á stjórnir og ráð.

Áminning send á deildir og ráð um að sækja um í ferðasjóði.

Breyting á úthringilista fyrir Hringbraut 108. Upplýsingar sendar á Öryggismiðstöðina.

Erindi sent á íþrótt- og tómstundaráð Reykjanesbæjar. Styrkur vegna tækja í þreksal.

Svar sent á Kjartan Má Kjartansson bæjarstjóra Reykjanesbæjar vegna fyrirspurnar um Iðavelli 7.

### 4. Jólblaðið

Jólblaðið er komið og er opnuviðtalið við Kjartan Másson. Útburðurinn er í höndum 3.flokks karla og 4.flokks kvenna. Blaðið er Fjörutíu síður og Sveindís Jane knattspyrnukona prýðir forsíðuna. Þetta er 50. árgangur.

### 5. Bókhaldskerfi

Ákveðið að uppfæra bókhaldskerfið.

### 6. Íþróttakarlar og kona Keflavíkur

Verið er að kalla eftir tilnefningum frá deildum. Hóf þeim til heiðurs verður haldið þriðjudaginn 28. desember kl.19:00. Framkvæmdastjóri athugar veitingar.

### 7. Önnur mál

A. Erindi frá Eysteini Húna Haukssyni rætt. Framkvæmdastjóra falið að ræða við Eystein.

Næsti fundur verður þriðjudaginn 21. desember

Fundi slitið kl. 19:20

Fundinn ritaði Eva Björk

